Help*for*Ukraine

100% transparent

100% Lions Controlled

100% Lions visibility

LCIF approved project

MJF/PMJF recognition

# Harður vetur í Úkraínu

## 2. hluti

# 1.hluti

## Október 2022

**Veturinn 2022 - 2023 var mikil þörf fyrir færanlegar rafstöðvar**

Skólar og leikskólar í Úkraínu voru rafmagnslausir vegna sprengjuárasa á innviði landsins og því ákváðu finnskir lionsfélagar að reyna, með hjálp annarra norrænna lionsklúbba, að safna fé og gefa 100 rafstöðvar. Ákalli til aðgerða var hleypt af stokkunum, verkefnið var einfalt og þörfin fyrir þjónustuna brýn sem varð til þess að lionsfélagar frá Finnlandi, Svíþjóð, Noregi, Danmörku, Íslandi, Þýskalandi, Hollandi, Frakklandi, Úkraínu, Sviss, Eistlandi, Belgíu og Póllandi tóku þátt!

## Undraverður árangur:

**Yfir 2260 færanlegar rafstöðvar** voru gefnar til skóla og leikskóla!

Á þremur mánuðum **var yfir 1,5 milljón evra** safnað

**13 Evrópulönd** tóku þátt

**Yfir 300.000 börn** í Úkraínu fengu ljós og hita



Harður vetur framundan í Úkraínu!

Nú getur Lionsklúbburinn þinn aðstoðað úkraínskan skóla eða leikskóla með því að gefa þeim vara rafstöð. Þau fá þá örugglega rafmagn og smá upphitum í vetur.

Síðustu vikur hafa sprengjuárásir rússa eyðilagt meira en 30% af raforkukerfi Úkraínu og svo virðist sem að þetta muni halda áfram. Vara rafstöðvarnar munu geta keyrt ísskápa, ljós og varahitakerfi í þeim skólum og leikskólum sem hafa verið valdir.

Lært í kulda í lofvarnabirgi með ljós frá símum

Lions er nú þegar með mikið af mismundandi stuðningverkefnum í gegnum LCIF og aðrar leiðir. Samt sem áður ákváðu nokkrir Norrænir Lionsfélagar ásamt félögum í Eistlandi og í Úkraínu að fara í þetta verkefni því þessi brýna þörf er nýtilkomin og bregðast þarf skjótt við áður en veturinn skellur á af fullum krafti. Því miður er ekki útlit fyrir að þessu stríði ljúki á næstu mánuðum svo neyðin heldur áfram.
Við biðjum klúbbinn þinn að bregðast skjótt við því ætlunin er að afhenda rafstöðvarnar fyrir jól. Núna erum við að safna fé fyrir 100 vara rafstöðvum sem fara munu í skóla og leikskóla í Kiev, Chernihyv, Sumy og Cherkasy. Þessar borgir eru undir stöðugum árásum og hafa ekki stöðugt raforkukerfi.
Með framlagi upp á 800 EUR getur þú hjálpað þér úthlutuðum skóla eða leikskóla að fá rafmagn. Merki þíns klúbbs/fyrirtækis verður sett á rafstöðina og þú færð þakkarbréf og myndir frá viðkomandi skóla.

Þetta er sameiginlegt verkefni finnskra, íslenskra, sænskra, eistneskra, pólskra, þýskra og úkraínskra Lionsklúbba. Á Íslandi er tengiliður PCC Björg Bára Halldórsdóttir, Lkl. Rán bjorgbara@simnet.is og mun hún tilnefna skóla fyrir þinn klúbb og senda greiðsluupplýsingar og frekari upplýsingar ef þarf. PDG Valentin Kravchenko og allir 26 Lionsklúbbar Úkraínu munu merkja rafstöðvarnar klúbbunum/fyrirtækjunum og sjá til þess að þær fari á rétta staði.
**Síðasti framlagsfrestur þessa verkefnis er 30.nóvember.**




Harður vetur framundan í Úkraínu!

Nú getur Lionsklúbburinn þinn aðstoðað úkraínskan skóla eða leikskóla með því að gefa þeim vara rafstöð. Þau fá þá örugglega rafmagn og smá upphitum í vetur.

Síðustu vikur hafa sprengjuárásir rússa eyðilagt meira en 30% af raforkukerfi Úkraínu og svo virðist sem að þetta muni halda áfram. Vara rafstöðvarnar munu geta keyrt ísskápa, ljós og varahitakerfi í þeim skólum og leikskólum sem hafa verið valdir.

Lært í kulda í lofvarnabirgi með ljós frá símum

Lions er nú þegar með mikið af mismundandi stuðningverkefnum í gegnum LCIF og aðrar leiðir. Samt sem áður ákváðu nokkrir Norrænir Lionsfélagar ásamt félögum í Eistlandi og í Úkraínu að fara í þetta verkefni því þessi brýna þörf er nýtilkomin og bregðast þarf skjótt við áður en veturinn skellur á af fullum krafti. Því miður er ekki útlit fyrir að þessu stríði ljúki á næstu mánuðum svo neyðin heldur áfram.
Við biðjum klúbbinn þinn að bregðast skjótt við því ætlunin er að afhenda rafstöðvarnar fyrir jól. Núna erum við að safna fé fyrir 100 vara rafstöðvum sem fara munu í skóla og leikskóla í Kiev, Chernihyv, Sumy og Cherkasy. Þessar borgir eru undir stöðugum árásum og hafa ekki stöðugt raforkukerfi.
Með framlagi upp á 800 EUR getur þú hjálpað þér úthlutuðum skóla eða leikskóla að fá rafmagn. Merki þíns klúbbs/fyrirtækis verður sett á rafstöðina og þú færð þakkarbréf og myndir frá viðkomandi skóla.

Þetta er sameiginlegt verkefni finnskra, íslenskra, sænskra, eistneskra, pólskra, þýskra og úkraínskra Lionsklúbba. Á Íslandi er tengiliður PCC Björg Bára Halldórsdóttir, Lkl. Rán bjorgbara@simnet.is og mun hún tilnefna skóla fyrir þinn klúbb og senda greiðsluupplýsingar og frekari upplýsingar ef þarf. PDG Valentin Kravchenko og allir 26 Lionsklúbbar Úkraínu munu merkja rafstöðvarnar klúbbunum/fyrirtækjunum og sjá til þess að þær fari á rétta staði.
**Síðasti framlagsfrestur þessa verkefnis er 30.nóvember.**


*Read the full story: Winter is coming to Ukraine*

ÞÖRFIN

# 2.hluti



## Nóvember 2023

**Veturinn 2023 - 2024 er mikil þörf fyrir viðar-eldunarofna**

Frá upphafi vopnaðra átaka í Úkraínu hefur það verið flókið og erfitt fyrir fjölskyldur og heimili í Suðaustur-Úkraínu að hita húsin og elda mat. Þar sem í vetur er skortur á gasi og dísilolíu þarf fólk að nota eldivið. Þannig að viðar-eldunarofnarnir okkar eru svarið við þörfum svo margra fjölskyldna, til að halda á sér hita og fæða sig almennilega.

Við köllum lionsfélaga til aðgerða að nýju.
Leggjum saman krafta okkar enn á ný, í jafnvel enn stærra verkefni:
HARÐUR VETUR Í ÚKRAÍNU 2.0

Við köllum lionsfélaga til aðgerða svo við getum smíðað og afhent viðar-eldunarofna til heimila í Suð-austur Úkraínu



# Verið með!

VARAN

# LIONS viðar-eldunarofnarnir okkar

Við höfum skoðað og metið marga viðarofna á markaðnum og ákveðið að framleiða okkar eigin Lions eldunarofna með því að þróa áfram besta kostinn á markaðnum!

- Þessi sérhannaði LIONS eldunarofn uppfyllir allar kröfur
- Mjög afkastamikill, úr ryðfríu stáli og fullkominn til upphitunar
- Stórt yfirborð til að elda mat
- Öskukassi til að safna ösku og stýra loftstreyminu í ofninum
- LIONS merki grafið á eldunarflötinn
- Leiðbeiningahandbók fylgir, bæði á úkraínsku og ensku
- Hagkvæmir á öllum sviðum; framleiðslu, flutnings, viðhalds og notkunar

*Hérna má sjá myndband af framleiðslu eldunarofnanna:* *Production Video*







Help for Ukraine

STAÐREYNDIR

# Ábyrgð okkar í Lions

## 100%

### Stjórnað af LIONS

Við erum stolt af því að Lions tekur þátt í öllu ferlinu, allt frá hráefni til framleiðslu og frá verksmiðjunni í Finnlandi til heimila fjölskyldna í Úkraínu.

## 100%

### Fjárhagslegt gegnsæi

Kostnaðurinn er aðeins 150 € á stykki, m.vsk. Innifalið er: Hágæða viðar-eldunarofn smíðaður í Finnlandi, flutningur til Kharkiv, Pavlograd, Zaporizhia og afhending til fjölskyldna í neyð.

## 100%

### Sýnileiki Lions

Á eldunarofnunum okkar verður stórt LIONS merki, leiser grafið á eldunarflötinn, svo notandinn sér það á hverjum degi að við Ljónin hjálpuðum.

LCIF VERKEFNI

# Alþjóðahjálparsjóður Lions

## Frábærar fréttir!

**Fyrsti hluti verkefnisins** með færanlegu rafstöðvunum **heppnaðist gríðarlega vel** árið 2023 og er kannski magnaðasta verkefni alþjóðlegs samstarfs Lionsklúbba í Evrópu. Eftirlit var af hálfu Lions frá upphafi til enda verkefnisins og fjármálalegt gagnsæi staðfest með endurskoðun PID Daniel Isenrich. Þessi atriði og mörg fleiri leiddu til þess að verkefnið var metið stórkostlegt:

**LCIF hefur samþykkt núverndi verkefni sem LCIF verkefni**

**Hvað þýðir það?**

Þetta þýðir að lionsfélagar, lionsklúbbar, lionsumdæmi og fjölumdæmi sem taka þátt í verkefninu, geta skráð framlögin sem framlag til LCIF, auk þess sem framlögin verða skráð sem Melvin Jones framlög.



VERIÐ MEÐ OKKUR

# Hvernig tökum við þátt?

Bara **ÁKVEÐA** fjölda ofna og **GEFA FRAMLAG**

Verð á hverjum ofni er 23.000 íslenskar krónur

Reiknings nr. 0516-26-7722

Kennitala: 640572-0869

Eigandi reiknings: Lions á Íslandi, Hlíðasmára 14, 201 Kópavogur.

**Við söfnum fjármunum og sendum upplýsingar um upphæðir og gefendur til LCIF tvisvar í mánuði.*

**MUNIÐ!**

Skrifið í "*Subject*" reitinn þegar greitt er **lionsnúmerið og nafn lionsfélagans,** lionsklúbbsins, lionsumdæmis eða lions fjölumdæmisins sem gefur framlagið.

Einnig er gott að senda afrit af greiðslu til: lions@lions.is

-

Verið með og gerið verkefnið að ykkar líka!

